

6. Aðalfund skal halda í október eða nóvembermánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er starfsárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. mars 1980.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

Nr. 210.

12. mars 1980.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjahlíðarhverfi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Reykjahlíðarhverfi:

1. Umferð um Hlíðarveg milli Múlavegar og Norðurlandsvegar skal njóta forgangs fyrir umferð um aðliggjandi íbúðargötu (biðskylda). Við allar greindar íbúðargötur skal setja merki, er tákna botngötur.
2. Umferð um Norðurlandsveg skal njóta forgangs fyrir umferð um Múlaveg (biðskylda).

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Sýslumaður Þingeyjarsýslu, 12. mars 1980.

Sig. Gizurarson.

Nr. 211.

21. mars 1980.

SAMÞYKKT

um hundahald í Egilsstaðahreppi.

Hundahald í Egilsstaðahreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

- a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á hreppsskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds afhenta merkta plötu til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar kann að verða breytt.

- b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati hreppsnefndar.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku svo og minkahunda, dýrhunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- d) Hundeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðaeigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skriflega afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.
- e) Til að standa straum af kostnaði hreppsins af skráningu og eftirliti með hundum í hreppnum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til hreppssjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn.
- Hreppsnefnd ákveður fjárhæð gjaldsins og er henni heimilt að ákveða gjaldið lægra fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu váttryggingargjalds samkvæmt b-lið þessarar greinar, váttryggingarskirteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki er máli skipta samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.
- f) Sé hundeigandi undir 16 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þar um.

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot, hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Egilsstaðahreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað gert skuli við hundinn.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/eða vitjar hundsins ekki innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7 frá 3. febrúar 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Egilsstaða-hreppi nr. 142/1975.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 21. mars 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 212.

21. mars 1980.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið framleiddri á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 1980:

Þorskur:	U. S. § pr. lest fob.
Saga IG	7 803
Saga IM	7 441
Saga IP	7 019
Edda og Luna 30/50	5 873
Edda og Luna 50/60	6 789
Edda og Luna 60/up	6 973
Astra (Ítalía)	5 763
Astra og Polar	5 200
Ufsi:	
Astra og Polar	4 300
Keila:	
Astra og Polar	5 200
Ýsa:	
Astra og Polar	4 300
Langa:	
Astra og Polar	5 200

Verðbil verða 3½%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin gerast upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.